

Aðalstjórn Ksf. Reynis
Fundur miðvikudaginn 28.05.2008
haldinn í Reynisheimilinu við Stafnesveg kl. 20:30.

Mættir: Ólafur Þór Ólafsson, Jón Bjarni Sigursveinsson, Bergný Jóna Sævarsdóttir (í forföllum Árna Sigurpálssonar), Daði Bergþórsson og Elísabet G. Þórarinsdóttir.
Kristján H. Jóhannsson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar sat einnig fundinn.
Árni Sigurpálsson og Sveinn Hans Gíslason voru forfallaðir.

1. Fundargerð aðalfundar Ksf. Reynis frá 08.01.2008.

- Fundargerð aðalfundar Ksf. Reynis frá 08.01.2008 var lögð fyrir fundinn. Farið var yfir þær samþykktir sem aðalfundurinn gerði.
- Ákveðið að boða til framhaldsaðalfundar Ksf. Reynis miðvikudaginn 11. júní kl. 20:00 í Reynisheimilinu. Á þeim fundi verður lokið við að kjósa formann félagsins, en þeim lið var frestað á síðasta aðalfundi.
- Ákveðið að hefja vinnu við skráningu á sögu félagsins í takt við samþykkt aðalfundar. Ákveðið að taka málið upp í framhaldi af framhaldsaðalfundi 11. júní n.k. með það að markmiði að skipa ritnefnd.
- Rætt var um eignarhald á lóðum og landareignum félagsins.

2. Ársskýrslur

- Lagður var fram tölvupóstur frá Gunnlaugi Hreinssyni, formanni Íþróttabandalags Suðurnesja, frá 25.05.2008. Þar kemur fram að stjórn ÍS hafi samið við starfsmann UMFG um að aðstoða félögin við skil starfsskýrslna til ÍSÍ.
- Þá var lagður var fram tölvupóstur frá Gunnlaugi Hreinssyni, formanni Íþróttabandalags Suðurnesja, frá 26.05.2008 þar sem nánar er fjallað um stafsskýrsluskil.
- Jafnframt var lagt bréf frá Höllu Kjartansdóttir, skrifstofustjóra Íþrótt- og Olympíusambands Íslands, dags. 23.05.2008 til héraðssambandi og íþróttabandalaga varðandi starfsskýrsluskil og keppnisbönn. Þar kemur fram að framkvæmdastjórn ÍSI hafi ákveðið á fundi sínum 22.05.2008 að setja þau félög og deildir sem ekki hafa skilað starfsskýrslu fyrir árið 2007 til ÍSI 15. júní n.k. í keppnisbann sem taki gildi frá og með 16. júní.
- Ákveðið að nýta þjónustu starfsmanns UMFG til að ganga frá starfsskýrslum. Formaður mun hafa samband við viðkomandi starfsmann til að fá nánari upplýsingar og hafa samband við deildir Reynis í framhaldi af því til að koma vinnu af stað.

3. Tillaga frá knattspyrnudeild að forvarnarstefnu Ksf. Reynis

- Lögð var fram tillaga frá knattspyrnudeild að forvarnarstefnu Ksf. Reynis.
- Aðalstjón fagnar því framtaki knattspyrnudeildar að koma af stað vinnu við forvarnarstefnu félagsins.
- Ákveðið að vísa stefnunni til deilda Ksf. Reynis til umsagnar.
- Stefnan verður aftur tekin fyrir á næsta fundi aðastjórnar og verður afgreidd þar.

4. Viðhaldsverkefni í Reynisheimilinu

- Farið var yfir viðhaldsverkefni sem nauðsynlegt er að vinna í Reynisheimilinu á árinu 2008.
- Ákveðið að setja upp masterslyklakerfi í hurðar í húsinu. K.H.J. mun kanna úrfærslu og kostnað á því.
- Ákvörðunum um önnur viðhaldsverkefni er frestað þar til að niðurstöður liggja fyrir um masterslyklakerfið.

5. Önnur mál

- a) Farið var yfir yfir málefni sunddeildar. Umræða um sunddeildina verður tekin upp á almennum fundi 11. júní í framhaldi af framhaldsaðalfundi. Stefnt er að því að æfingar á vegum deildarinnar geti hafist við upphaf skólastarfs í haust. Stefnt er að því að á fundinum 11. júní náist að breikka hópinn sem stendur að baki starfi sunddeildarinnar.
- b) J.B.S. fór yfir stöðu mála varðandi framkvæmdir á mannvirkjum við svæði Reynis. Ákveðið fá kynningu frá Sangerðisbæ og hönnuðum á framkvæmdum á fundi 11. júní. Jafnframt verði fengnir aðilar frá Sandgerðisbæ til að kynna nýja sundlaugaraðstöðu sem væntanlega verður tekin í notkun seinna í sumar.
- c) Ákveðið að í framhaldi af framhaldsaðalfundi Ksf. Reynis 11. júní n.k. verði haldinn almennur félagsfundur þar sem rætt verði um skráningu sögu félagsins, um starf sunddeildarinnar og farið yfir framkvæmdir við sunddlaug og knattspyrnumannvirki. Ó.P.Ó. mun undirbúa fundinn í samstarfi við íþróttadeildir Ksf. Reynis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:15.

Ó.P.Ó.